Reykjavík

Félagsmiðstöðin Hellirinn

Starfsáætlun 2026-2027



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:
Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST

Efnisyfirlit:

Inngangur 3
Innra mat 2025-2026 3
Umbótaáætlun 2026-2027 4
Þróunarverkefni og áherslur starfsársins 5
Helstu dagsetningar 6
- Ágúst 6
- September 6
- Október 6
- Nóvember 6
- Desember 6
- Janúar 6
- Febrúar 6
- Mars 6
- Apríl 6
- Maí 6
- Júní 6
- Júlí 6

Inngangur

Í þessari starfsáætlun er fjallað um innra mat Félagsmiðstöðvarinnar Hellisins auk þess sem tilgreindir eru viðburðir og dagsetningar í hverjum mánuði sem skiptir máli í starfinu.

Markmið með innra mati er að efla árangur og gæði frístundastarfs. Metið er út frá útgefnum Viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum frístundastarfs Reykjavíkurborgar þar sem vísbendingar sem þykja framúrskarandi eða mjög góðar eru taldar til styrkleika en vísbendingar sem fá einkunnina ábótavant eða óviðunandi fara í umbótaáætlun. Niðurstöður viðhorfskannana eru ávallt rýndar í innra mati.

Innra mat 2025-2026

Styrkleikar og tækifæri eru byggð á niðurstöðum úr innra mati síðasta árs og unnin út frá matsblöðum fyrir áhersluþætti innra mats.

Styrkleikar (vísbendingar sem fá A)

Virk þáttaka og lýðræði

- Skipulega er unnið með lýðræði í starfi með börnum og unglingum og þau hvött til að koma með eigin hugmyndir að dagskrá. Þau fá tækifæri og stuðning til að hrinda eigin hugmyndum í framkvæmd.

Starfshættir og viðfangsefni

- Starfsumhverfi er án aðgreiningar og einkennist af hlýju, öryggi og virðingu.

Mannauður og faglegt starf

- Félagsmiðstöðin veitir viðeigandi fræðslu til nýrra starfsmanna, hvetur til símenntunar og skapar aðstæður til starfsþróunar.
- Forstöðumaður/stjórnendateymi hvetur starfsfólk markvisst til að nýta styrkleika sína, hæfileika og sérþekkingu í starfi.
- Við ráðningu nýrra starfsmanna er hugað að fjölbreytileika í starfsmannahópnum.

Bjargir og skipulag

- Starfið og dagskráin er kynnt börnum, unglingum, foreldrum og starfsfólki (s.s. með tölvupósti, á samfélagsmiðlum og/eða kynningarfundum)
- Fjölbreytt úrval af efnivið er til staðar (sbr. gátlista um skipulag húsnæðis og efnivið félagsmiðstöðva).

Tækifæri (vísbendingar sem fá C eða D)

Virk þáttaka og lýðræði

- Lýðræðislega er valið í félagsmiðstöðvaráð og önnur ábyrgðarhlutverk.
- Unglingar og börn hafa mótandi áhrif á aðstöðu félagsmiðstöðvarinnar.

Starfshættir og viðfangsefni

- Reglulega eru haldnir viðburðir (s.s. ferðir, sýningar, keppnir, böll, þemakvöld og heimsóknir).

Umbótaáætlun 2026-2027

Heiti aðgerðar: Virk þátttaka og lýðræði	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Lýðræðislega er valið í félagsmiðstöðvaráð og önnur ábyrgðarhlutverk.
Tækifæri til umbóta	Ekki hefur tíðkast að hafa ungmennaráð í Hellinum (Þó þátttekendur fái að skrá frjálst á hugmyndalista) og unglingarnir hafa ekki nein ábyrgðarhlutverk.
Aðgerðir til umbóta.	Með uppsetningu Ungmennaráðs í Hellinum má bjóða áhugasömum um að taka mun virkari þátt í mótun og stefnu starfsins sem verðum síðan framkvæmt af starfsfólki.
Ábyrgð	Emil & Bríet
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Kosningar og kynningar á hlutverkum og kröfum fara fram í desember og svo mun Ungmennaráðið sitja sinn fyrsta fund í janúar, ungmennaráðið myndi starfa frammundir lok skólaárs.
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Endurmat færi fram í mars, tæki væri viðmið af þátttöku í ungmennaráði, tillögum sem hefðu verið lagðar fram, og framkvæmdartíðni þeirra.
Viðmið um árangur.	Er virkt ungmennaráð, eða ekki.

Heiti aðgerðar: Starfshættir og viðfangsefni	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Reglulega eru haldnir viðburðir (s.s. ferðir, sýningar, keppnir, böll, þemakvöld og heimsóknir).
Tækifæri til umbóta.	Fjölga mætti viðburðum í félagsmiðstöðinni.
Aðgerðir til umbóta.	Stefnan verður lögð á að fara oftar í heimsóknir í hinar félagsmiðstöðvarnar, þar á meðal hinar sértæku félagsmiðstöðvarnar sem starfa í borginni. Kvöldopnanir verði nýttar í heimsóknir.
Ábyrgð	Emil & Bríet
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Nóvember og fram í maí.
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Endurmetum í vor(maí) með því að ræða við þáttakendur hvernig hefur gengið og mæla tíðni ferða.
Viðmið um árangur.	Hversu margir viðburðir og hvernig tiltókst.

Þróunarverkefni og áherslur starfsársins

út frá Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 og Almennum aðgerðum menntastefnu Reykjavíkur 2025-2027.

Á okkar starfsstað,Hellinum, erum við að vinna að því að auka þátttöku fatlaðra ungmenna í félagsstarfi. Þetta verkefni tengist vel menntastefnu Reykjavíkurborgar þar sem lögð er áhersla á að öll börn og ungmenni fái tækifæri til að blómstra, efla félagsfærni sína og vera virkir þátttakendur í samfélaginu.

Við leggjum áherslu á að skapa umhverfi þar sem allir upplifa sig velkomna og geta tekið þátt á sínum eigin forsendum. Þar sem þarfir og geta ungmennanna eru ólíkar er mikilvægt að aðlaga starfið að hverjum einstaklingi í stað þess að ætlast til þess að allir passi inn í sama rammann.

Eitt af því sem við viljum leggja meiri áherslu á er að ungmennin hafi sjálf áhrif á dagskrána og þær ákvarðanir sem teknar eru í félagsmiðstöðinni. Með því erum við að vinna að valdeflingu þeirra, efla sjálfstæði og styrkja trú þeirra á eigin getu.

Markmiðið er að fötlun sé ekki hindrun fyrir þátttöku í félagslífi og að ungmennin fái sömu tækifæri og aðrir til að mynda vináttutengsl, prófa nýja hluti og upplifa sig sem hluta af hópnum. Mér finnst þetta sérstaklega mikilvægt í okkar starfi þar sem félagsmiðstöðin á að vera staður þar sem ungmennin geta verið þau sjálf, haft gaman og fundið að þeirra rödd skiptir máli.

Helstu dagsetningar

Ágúst

September

3.Kvöldopnun
17.Kvöldopnun

Október

1.Kvöldopnun
9.-11. Landsmót Samfés
22.-26. Vetrarfrí.
28. Halloween ball sértæku félagsmiðstöðvanna

Nóvember

12.Kvöldopnun
26.Kvöldopnun

Desember

3.Kvöldopnun
17.Kvöldopnun
18-19. Jólaopnun
28-30. Jólaopnun

Janúar

14. Kvöldopnun
28.Kvöldopnun

Febrúar

11.Kvöldopnun
14.Valentínusardagurinn
16:Bolludagurinn
18.Öskudagur
25.Kvöldopnun

Mars

11.Kvöldopnun
25. Kvöldopnun

Apríl

8.Kvöldopnun
22.Kvöldopnun
23. Sumardagurinn Fyrsti

Maí

6.Kvöldopnun
20.Kvöldopnun

Júní

10.Skólaslit
30. Miðárs Miðvikudagur

Júlí